

hefur hlotið meira en hámarkshlutfall atkvæða skal fyrst telja atkvæði þess nefndarmanns sem ræður mestum fjölda atkvæða, næst atkvæði þess nefndarmanns sem ræður næstmestum fjölda og svo koll af kolli þar til fyrrnefndu hlutfalli er náð.

11. Ef einhver sæti í stjórninni eru enn auð eftir aðra atkvæðagreiðslu skal efna til fleiri atkvæðagreiðslna samkvæmt sömu reglum þar til öll auð sæti hafa verið fyllt, með þeim fyrirvara að þegar aðeins einn stjórnarmaður er enn ókjörinn er heimilt að kjósa hann með einföldum meiri hluta þeirra atkvæða sem eftir eru og telst hann þá kjörinn með öllum þeim atkvæðum.

has received more than the maximum percentage of the votes, the votes of the Governor casting the largest number of votes for such candidate shall be counted first, then the votes of the Governor casting the next largest number, and so on until such percentage is reached.

11. If not all the remaining Directors have been elected after the second ballot, further ballots shall be held on the same principles until all the remaining Directors are elected, provided that when only one Director remains to be elected, this Director may be elected by a simple majority of the remaining votes and shall be deemed to have been elected by all such votes.

4. september 1998

Nr. 19

AUGLÝSING

um samkomulag við Suður-Afríku um afnám vegabréfsáritana gagnvart handhöfum diplómatiskra vegabréfa og þjónustuvegabréfa.

Með erindaskiptum 23. og 31. júlí 1998 var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Suður-Afríku um afnám vegabréfsáritana gagnvart handhöfum diplómatiskra vegabréfa og þjónustuvegabréfa. Samkomulagið öðlaðist gildi 31. júlí 1998.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. september 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

4. september 1998

Nr. 20

AUGLÝSING

um samning um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum.

Hinn 17. ágúst 1998 var framkvæmdastjóra Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum sem gerður var í París 17. desember 1997. Alþingi hafði með ályktun 2. júní 1998 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn.

Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. september 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.